

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna efnistökusvæðis í Búrfellshólma.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 17. ágúst 2026 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. apríl 2026.

Í breytingunni felst skilgreining á um 183 ha efnistökusvæði (E58) í Búrfellshólma vegna áforma um vinnslu á allt að 4,5 milljón m³ af vikri. Óbyggt svæði minnkar sem breytingunni nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 17. ágúst 2026.

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 18. ágúst 2026